

Páll Hallgrímsson (1912-2005), sýslumaður og bæjarfógeti, Selfossi

Afhending 2007/78

Páll Hallgrímsson fæddist 6.2.1912, í Reykhúsum í Hrafnagilshreppi. Foreldrar hans voru Hallgrímur Kristinsson, forstjóri, f. 6.7.1875, d. 30.1.1923 og María Jónsdóttir, húsfreyja, f. 19.8.1874, d. 2.6.1954.

Páll varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1931 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands vorið 1936.

Árin 1936-1937 starfaði hann hjá SÍS við lögfræðistörf og endurskoðun.

Árið 1937 var hann skipaður sýslumaður í Árnessýslu og gegndi starfinu samfelld til ársins 1982. Hann var síðasti konungsskipaði sýslumaðurinn hér á landi. Jafnframt var hann bæjarfógeti á Selfossi 1978-1982.

Páll gegndi ýmsum trúnaðarstörfum meðfram starfi sínu sem sýslumaður og var m.a. formaður stjórnar Kaupfélags Árnesinga, formaður stjórnar Sjúkrahúss Suðurlands. Sat í skólanefnd Héraðsskólans á Laugarvatni, sat í stjórn Héraðsdómarafélags Íslands og Sýslumannafélags Íslands og var formaður um skeið. Hann var líka fyrsti heiðursfélagi Sýslumannafélagsins og heiðursfélagi í Dómarafélagi Íslands.

Páll var tvígiftur. Fyrri kona hans hét Áslaug Þórdís Símonardóttir f. 27.3.1910, d. 24.10.1987 og áttu þau saman eina dóttur. Seinni kona hans hét Svava Steingrímsdóttir f. 8.9.1921, d. 31.7.2014.

Páll Hallgrímsson lést 3. desember 2005.

Það var Drífa Pálsdóttir, dóttir Páls, sem afhenti skjölin.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
17.3.2023

Katrín Björg Þórisdóttir
skjalavörður

Geymsluskrá

2007 / 78

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

A-Hallgrímur Kristinsson og Páll

A-Hallgrímur Kristinsson og Páll

1910 - 1933

A	1	1	1917 - 1919	Reikningar; fylgiskjöl bókhalds.
A	1	2	1911 - 1920	Reikningar; fylgiskjöl bókhalds.
A	1	3	1913 - 1918	Umboðsbréf, Hallgrími Kristinsyni veitt umboð til að kjósa fyrir hönd hlutabréfahafa á aðalfundi Eimskipafélags Íslands.
A	1	4	1919 - 1919	Símskeyti til Hallgríms p.t. í Kaupmannahöfn (varðandi milliríkjavíðskipti)
A	1	5	1917 - 1933	Þakkarkort; nýárskort; Carmina (1933?); þorablót stúdentafélagsins á Akureyri 1928 (söngskrá); minnisbók með almanaki 1931.
A	1	6	1916 - 1917	Höfuðbók (líklega námsbók með tilbúnum dæmum).
A	1	7	1916 - 1917	Dagbók fyrir sölubúð Kaupfélags Fjarðarhéraðs. (Líklega námsbók)
A	1	8	-	Blýantsteikningar, andlitsmyndir af fólki (merktar HB)
A	1	9	1910 - 1913	Reikningabók Magðalenufélagsins.